

FRAMKVÆMDARÁÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA**2020/EES/26/25****Ákvörðun nr. E6****frá 19. október 2017****um hvenær telja skuli að rafræn boð hafi verið afhent með löglegum hætti í kerfinu fyrir rafræna miðlun
upplýsinga um almannatryggingar (EESSI)****(Texti sem varðar EES og Sviss)**

2018/C 355/04 (*)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽¹⁾, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um öll álitæfni er lúta að framkvæmd og túlkun ákvæða þessarar reglugerðar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ⁽²⁾,

með hliðsjón af d-lið 72. gr. reglugerðar (EB) nr. 833/2004, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið hvetja eins og hægt er til notkunar nýrrar tækni,

með hliðsjón af 81. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 þar sem sett er fram verklagsregla sem fylgja skal hafi átt að leggja fram kröfu, yfirlýsingu eða málskot fram hjá yfirvaldi, stofnun eða dómstóli í aðildarríki innan tiltekins frests en þess í stað hafi hún eða það verið lagt fram innan sama frests hjá samsvarandi yfirvaldi, stofnun eða dómstóli í öðru aðildarríki,

með hliðsjón af 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 þar sem fram kemur að „sending upplýsinga milli stofnana eða samskipta-stofnana skal vera með rafrænum hætti ...“ og „framkvæmdaráðið skal mæla fyrir um skipulag, innihald, framsetningu og nákvæmt fyrirkomulag vegna skipta á skjölum og skipulega uppsettum rafrænum skjölum“,

með hliðsjón af 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 þar sem fram kemur að „þegar upplýsingar eru sendar óbeint fyrir milligöngu samskiptastofnunar viðtökuaðildarríkisins hefst frestur til að svara kröfum frá og með þeim degi þegar samskipta-stofnunin tók við kröfunni, eins og stofnun í því aðildarríki hefði tekið við henni“,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE, KBE) nr. 1182/71 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna ber tímabil, dagsetningar og fresti ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um reglu, sem ákvarðar hvenær telja skuli að boð hafi verið afhent með löglegum hætti við rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI-miðlun), til að ákvarða fresti í samræmi við reglugerð (EB) nr. 883/2004 og reglugerð (EB) nr. 987/2009, í tengslum við reglugerð (EBE, KBE) nr. 1182/71.
- 2) Reglurnar um samræmingu á sviði almannatrygginga í reglugerð (EB) nr. 883/2004 og 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 kveða á um að telja skuli að boð hafi verið afhent þegar þau ná til þar til bærrar stofnunar eða samskiptastofnunar í viðtökuaðildarríkinu, jafnvel í tilvikum þar sem sú stofnun fjallar ekki um málið með beinum hætti.
- 3) Í þeirri högun EESSI-miðlunar sem framkvæmdaráðið hefur samþykkt er kveðið á um tæknilegt fyrirkomulag sem tryggir að sendandi boðanna fái upplýsingar um það þegar boðin hafa verið afhent með fullnægjandi hætti, byggt á notkun ebMS AS4-samskiptareglanna fyrir flutning rafrænna gagna við EESSI-miðlun.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB C 355, 4.10.2018, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2019 frá 27. september 2019 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtuð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

(2) Stjtuð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

(3) Stjtuð. EB L 124, 8.6.1971, bls. 1.

- 4) Með ebMS AS4-samskiptareglunum er áreiðanleiki boðanna tryggður sem þýðir að þegar boð eru send samkvæmt þessum samskiptareglum fær sendandinn upplýsingar um það þegar boðin hafa verið afhent með fullnægjandi hætti á endapunkti boðskipta sem eru send með EESSI-miðlun á grundvelli ebMS AS4-samskiptareglanna eða ef sending boðanna hefur mistekist.
- 5) Endapunktur ebMS AS4-samskiptareglanna stendur fyrir næsta rafræna jafngildi hugtaksins að senda skilaboð sem ná til þar til bærrar stofnunar eða samskiptastofnunar. Af þeim sökum verður litið svo á að boðin hafi verið afhent með löglegum hætti á grundvelli EESSI-miðlunar þegar þau ná endapunkti ebMS AS4-samskiptareglanna.
- 6) Aðildarríkjunum er frjálst að ákvarða nánar um landsbundna högun og ákveða hvort endapunktur boðskipta með EESSI-miðlun á grundvelli ebMS AS4-samskiptareglanna svari til innlendrar notkunar hjá stofnuninni sem um málin fjallar eða hvort hann verði í innlendri gátt eða einingu sem veitir skynvædda beiningarþjónustu vegna innlendrar notkunar, sem þýðir að í seinna tilvikinu fara boð lengra en að ebMS AS4-endapunktinum til að ná til þeirrar stofnunar sem um málið fjallar. Það er á ábyrgð ríkjanna að sjá til þess að boð nái tímanlega til þeirra sem um málið fjalla handan ebMS AS4-endapunktisins.
- 7) Aðildarríkjunum er frjálst að ákvarða nánar um landsbundna högun að því er varðar hvort boðum er tæknilega „ýtt“ eða þau „dregin“ frá aðgangspunkti að ebMS AS4-endapunkti boðskipta með EESSI-miðlun. Því er þörf á almennri reglu til að tryggja að boð fari með reglubundnum hætti frá aðgangspunktinum og afhent á ebMS AS4-endapunkti boðskipta með EESSI-miðlun.
- 8) Þeir starfsmenn sem annast sendingu boða og um málið fjalla verða að geta ákvarðað afhendingardag boðanna í vafatilvikum. Framkvæmdaráðið mun skilgreina sértæka málsmeðferð til að gera þetta kleift.
- 9) Þar til tímabili aðlögunar að fullum rafrænum boðskiptum er lokið er sett fram hagnýtt fyrirkomulag fyrir gott samstarf milli landsbundinna yfirvalda, m.a. leiðandi meginreglur um gagnsemi og sveigjanleika, í ákvörðun framkvæmdaráðsins E5 frá 16. mars 2017 um hagnýtt fyrirkomulag vegna aðlögunartímabils varðandi upplýsingaskipti með rafrænum aðferðum sem um getur í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ⁽¹⁾.

Í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. Í samræmi við almennu meginregluna í reglunum um samræmingu á sviði almannatrygginga í reglugerð (EB) nr. 883/2004 og 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009, en samkvæmt henni teljast boð hafa verið afhent þegar þau ná til þar til bærrar stofnunar eða samskiptastofnunar í viðtökuaðildarríkinu, er samsvarandi hugtak yfir það hvar telja skuli að boð hafi verið afhent með rafrænni miðlun skilgreint sem endapunktur ebMS AS4-samskiptareglanna fyrir flutning rafrænna gagna við EESSI-miðlun.
2. Telja skal að boð hafi verið afhent með löglegum hætti við EESSI-miðlun daginn sem staðfesting á afhendingu boðanna verður til á ebMS-endapunkti.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að boð sem afhent eru á landsbundnum aðgangspunkti þeirra fari þaðan og séu afhent á endapunkti boðskipta með EESSI-miðlun ekki sjaldnar en einu sinni á sólarhring og að staðfesting á afhendingu eða misbresti á afhendingu boðanna verði til á ebMS-endapunktinum ekki síðar en daginn eftir að boðin voru send.
4. Aðildarríkin verða að tryggja, leiki vafi á afhendingardegi boðanna, að starfsmenn geti flett því upp á hvaða degi viðtaka boðanna var staðfest eða ljóst varð að afhending boða hafi ekki tekist á ebMS-endapunkti í viðtökuaðildarríkinu. Framkvæmdaráðið mun skilgreina einstök atriði í þessu samráðsferli.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB C 233, 19.7.2017, bls. 3.

5. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún skal koma til framkvæmda frá og með tuttugasta degi eftir birtingu hennar.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Agne NETTAN-SEPP
